

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 60/1985, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 1. málsl. 3. mgr. 3. gr. samþykktarinnar koma tveir nýir málslíðir er orðast svo: Sá borgarfulltrúi, sem á að baki lengsta setu í borgarstjórn, gegnir forsetastörfum uns kosinn hefur verið forseti. Hafi tveir eða fleiri borgarfulltrúar átt jafnlengi sæti í borgarstjórn gegnir sá þeirra forsetastörfum sem eldri er.

2. gr.

3. mgr. 6. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Forseti og skrifarar skulu ganga frá fundargerð og undirrita hið fyrsta að loknum fundi. Forseti getur ákveðið að fundargerð eða hluti hennar verði lesin upp í fundarlok og skulu þá allir viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Sama gildir ef borgarstjóri eða borgarfulltrúi, einn eða fleiri, óska þess að fundargerð verði upplestin.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Borgarstjórn heldur reglulega fundi fyrsta og þriðja fimmtudag hvers mánaðar sem ekki ber upp á helgidag eða almennan frídag og skal fundur að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er borgarstjórn að fella niður fundi í allt að tvo mánuði samfelldt að sumarlagi. Nú ber reglulegan fundardag borgarstjórnar upp á helgidag eða almennan frídag og skal þá borgarstjóri boða til aukafundar í borgarstjórn ef hann metur þörf á vegna afgreiðslu mála sem fyrir liggja.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. samþykktarinnar:

- a. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna svo og annarra gagna, sem geta til upplýsingar orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem borgarstjóri telur nauðsynlegt og við verður komið.
- b. Við 8. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

5. gr.

C-liður 12. gr. samþykktarinnar, sbr. samþykkt nr. 28/1988, orðast svo:
Samþykktir (reglugerðir), sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.

6. gr.

6. málsl. 13. gr. samþykktarinnar fellur brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. samþykktarinnar:

- a. Við 2. málsl. 2. mgr. bætist: eða veita andsvar, sbr. 3. mgr. 15. gr.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 6. mgr. og orðast svo:
Borgarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í borgarstjórn. Óheimilt er þó að færa í gerðabók greinargerðir eða hvers konar skriflegan málflutning um afstöðu borgarfulltrúa til máls sem til meðferðar er.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. samþykktarinnar:

- a. Við 2. mgr. bætist ný málslíður er orðast svo: Borgarstjóri hefur óbundið málfrelsi, sbr. þó ákvæði 3. mgr.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur forseti leyft borgarfulltrúum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki öðru andsvari. Hvert andsvar má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og skal ræðumanni heimilt að svara því á tveimur mínútum. Heimilt er forseta að stytta ræðutíma hvers ræðumanns í þessum umræðum. Enginn má veita andsvar oftar en tvisvar sinnum hverju sinni. Orðaskipti í andsvörum mega ekki standa lengur en fimmtán mínútur í einu.
- c. 3. mgr. verður 4. mgr.

9. gr.

1. másl. 2. mgr. 18. gr. samþykktarinnar orðast svo: Borgarstjórn getur einnig ákveðið að umræður skuli gefnar út á prenti eða með öðrum hætti ásamt því sem fært hefur verið í gerðabækur svo og önnur skjöl eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. og 1. mgr. 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. júní 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

8. júní 1998

Nr. 331

REGLUGERÐ

um breyting á byggingarreglugerð nr. 177/1992, með síðari breytingum.

1. gr.

Umhverfissráðherra getur þegar sérstaklega stendur á veitt tímabundna undanþágu frá tilteknum ákvæðum reglugerðarinnar að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutað-eigandi sveitarstjórnar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. júní 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.